

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar, nr. 991/2020.

1. gr.

8. mgr. 44. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn ákveði annað.

2. gr.

45. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn ræður starfsfólk í æðstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, þ.e. sviðsstjóra fagsviða og veitir þeim lausn frá störfum, nema á annan veg sé mælt í lögum og reglugerðum.

3. gr.

46. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Um ráðningu annars starfsfólks annast sviðsstjórar fagsviða og forstöðufólk stofnana eftir atvikum nema á annan veg sé mælt í lögum og reglugerðum eða eftir reglum sem bæjarstjórn setur.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðaukum við samþykktina:

1. Fyrirsögn viðauka III breytist og verður svohljóðandi: Embættisafgreiðslur sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.
2. Í stað orðanna „framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs“ í viðauka III við samþykktina kemur, í viðeigandi beygingarfalli: sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.
3. Í stað orðanna „framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs“ í viðauka V við samþykktina kemur, í viðeigandi beygingarfalli: sviðsstjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs.
4. Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ í viðauka V við samþykktina kemur, í viðeigandi beygingarfalli: sviðsstjóri.

5. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 16. febrúar 2026.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 3. mars 2026